

## LISTIR

# Val fólksins: Lægsti finnan- legi samnefnari

## MYNDLIST

Kjarvalsstaðir/  
Mokka

## MÁLVERK/SILKIPRYKK

Komar og Melamid. Kjarvalsstaðir:  
Opíð kl. 10–18 til 18. febr.: Aðgangur  
kr. 300 (gildir á allar sýningar).  
Mokka: Opíð til 11. febrúar. Sýningarskrá: 550 kr.

VIÐ Íslendingar teljum okkur sæla þegar við komumst í snertingu við heimlistina í gegnum þær erlendu listsýningar, sem hingað rata. Hins vegar erum við óvön því að verða á einhvern hátt hluti af alþjóðlegri umræðu á þessu sviði, og þó að við þráum alltaf landkynningu er hún óviss fengur þegar við fáum engu ráðið um þróun umræðunnar. Þetta hefur þó gerst nú, og má vænta þess að tvær sýningar Vitaly Komar og Alexander Melamid hér á landi um þessar mundir, tilurð þeirra, inntak og afleiðingar eigi eftir að vekja ýmsar spurningar um íslenska jafnt sem alþjóðlega myndlist, þó að heimsókn listamanna og sú athygli, sem þeir hafa notið í innlendum fjölmiðlum, hafi því miður ekki enn beint umræðunni í þá átt.

Fyrst er að áreitta, að þeir Komar og Melamid eru meðal merkari listamanna samtímans, sem hingað hafa komið. Þeir hafa verið framarlega í hópi ögrandi listamanna allt frá því þeir voru frumkvöðlar „Sots-listar“ 1972 (en það var eins konar sovísk útgáfa af pop-list) og síðan hinnar alræmdu „Jarðtýtu-sýningar“ í Beljaevo í Moskvu 1974. Röskleg viðbrögð borgaryfirvalda (jarðtýtu hindruðu listamenn í að setja upp verk sín á opnu svæði, og eyðilögðu þau flest að lokum) vöktu í fyrsta sinn athygli á þeirri staðreynd að undir yfirborðssælu opinberrar sósíalískrar

listar kraumaði eitthvað, sem var andstætt fagnaðarerindi yfirvalda – alveg eins og á vesturlöndum. – Í kjölfarið voru þeir félagar auðvitað reknir úr samtökum listamanna.

1976 afsöluðu þeir sér sovískum ríkisborgararétti, og sóttu um að fá að flytjast úr landi. Það leyfi fékkst ári síðar (í millitíðinni höfðu þeir stofnað eigið ríki („Trans-ríkið“) með eigin stjórnarskrá, stafróf, tungumál, vegabréf, peninga o.s.frv.), og þeir fluttu til Ísraels en síðan til Bandaríkjanna 1978, og þar hafa þeir búið og starfað síðan.

Oft verða píslarvottar eins kerfis hetjur meðal andstæðinganna, en síðan fjarar undan áhuganum á því sem þeir hafa fram að færa. Komar og Melamid gátu vissulega byggt á fyrri frægð, en þeir voru einnig fljóttir að gera sér grein fyrir nýjum aðstæðum; Melamid sagði í viðtali að tveimur vikum eftir að þeir komu til Bandaríkjanna hafi þeir áttað sig á að sem listamenn væru þeir hluti af skemmtibránum. Þeir byggðu fyrstu árin mikið á and-stalínískri fortíð sinni, en tóku síðan að stínga á ýmsum kylum allsnægtþjóðfélagsins, eftir því sem þeir kynntust hinu nýja heimalandi betur.

Verkefnið „Val fólksins“ var upphaflega ætlað til að hjálpa þeim til að mála myndir eftir smekk ólíkra þjóðfélagsþópa í Bandaríkjunum, en munurinn milli hópa reyndist harla lítil; þá létu þeir kanna sömu hluti í Rússlandi og útkoman varð keimlík. „Val fólksins“ hefur síðan undið upp á sig, og nú hafa kannanir verið gerðar um „eftirsóttustu“ og „síst eftirsóttu“ listaverk í tólf löndum, og fleiri í bigerð.

Hannes Sigurðsson listfræðingur hefur haft veg og vanda af hlut Íslands í þessu öllu; fyrst með sambandi sínu við listamennina, síðan með samvinnu við Hagvang hf. um



Morgunblaðið/Árni Sæberg

## VITALY Komar og Alexander Melamid.

gerð íslensku könnunarinnar og loks með gerð fróðlegrar sýningararkrár og uppsetningu sýninganna á Mokka og á Kjarvalsstöðum. Þetta verk skilur eftir sig fjölda spurninga sem verður að svara með einum eða öðrum hætti – annað væri uppgjöf.

Fyrst ber að nefna að sjálf hugmyndin, aðdragandinn, athygli fjölmiðla og umgjörðin eru aðalatriði, en hin endanlegu málverk einfaldlega rusl: hér hefur verið leitað að lægsta finnanlega samnefnara, en útkoman er móðgun við þann almannasmekk sem verkin eiga að lýsa. Þeir sem hafa litið á báða staði hafa tekið eftir að „eftirsóttustu“ verkunum á Íslandi og í Bandaríkjunum svipar mjög saman (og það gildir einnig um verkin frá Frakklandi og Tyrklandi, sem eru aðgengileg á Alnetinu) – vemmileg náttúruromantík í óspjölludu umhverfi – og það er einfalt að segja að „síst eftirsóttu“ málverkin eru alls staðar afstraktverk.

En þannig hlaut líka að fara. Verkin eru unnin út frá „könnunum“, sem eru sama marki brenndar og flestar kannanir á öðru en einföldum þekkingaratriðum: spurningar og möguleg svör eru leiðandi, bæði hvað varðar efnisval, orðalag og röðun – og niðurstöðurnar því mjög svipaðar alls staðar, og þær er hægt að teygja og toga í endanlegri túlkun. Með þessu má segja að þeim félögum hafi tekist að snúa könnunar-„vísindunum“ á hvolf: „Allar skoðanakannanir eru risastór lygi“, svo vitnað sé í orð Melamid.


Þó er hér að finna nokkur sann-

leikskorn, sem ráðamenn, fjölmiðlar, listheimurinn – og ekki síst menntakerfið – geta ekki afneitað. Þar ber fyrst að nefna almenna höfnun á nútímalist, eins og hún hefur þróast á 20. öld, sem skín út úr svörum; hvernig bregðast listamenn og aðrir við því? Hefur allt þeirra verk þá verið einskisnýtt hjóm, fönður á vernduðum vinnustað?

Næst er að benda á nær glæpsamlega vanþekkingu á listafólki á þessari öld, sem má lesa úr svörum við spurningu nr. 39 (Picasso er óþekktur meðal 14% svarenda, 52% þekkjast ekki Louisu Matthíasdóttir, 57% ekki Svavar Guðnason, og 72% þekkjast ekki til Þórarins B. Þorlákssonar, sem við teljum gjarna einn helsta frumherja íslenskrar myndlistar); hvað hefur menntakerfið sér til afsökunar? Eða þeir fjölmiðlar, sem stæra sig af miðlum fræðslu og menningarefnis? – Það er hætt við að margir tækju a.m.k. andköf ef hér væri verið að tala um samsvarandi nöfn í bókmenntasöggunni. Hneykslar þetta engan skólaman? Eða ráðamann?

Þessi framkvæmd er þörf á margan hátt: Hún heldur uppi spegilmynd sem Íslendingar verða að gangast við. Þeir sem vilja hafna þessu munu eflaust möldra um léleg myndverk, en þau eru aukaatriði. Hugmyndin fletir óþyrmilega ofan af sjálfumgleði listheimsins sem og menntahroka Íslendinga; þetta er köld vatnsgusa sem erfit er að hunsu – en það er samt líklegast að verði niðurstaðan.

Eiríkur Þorláksson



VERK eftir Ilona Romule.

## Leirlista- vinnustofa kynnt

JANOS Probstner stofnandi og forstöðumaður kynnrar vinnustofuna, sem er í Kecskemét í Ungverjalandi, á miðvikudaginn kl. 16.30 í Myndlista- og handfaskólanum, Skipholti 1.

Janos er gestakennari við skólann nú í janúar eins og mörg undanfarin ár. Hann mun ræða þá hugmyndafræði og starfsanda sem hann byggir kennslu sína á og þann jarðveg og hreyfingu sem Alþjóðlega leirlistavinnustofan spratt úr á áttunda áratugnum.

Leirlistafólk frá fimm heimsálfum hefur haft tækifæri til að vinna saman í Kecskemét og hver þátttakandi hefur skilið eftir sig eitt listaverk í safni vinnustofunnar. Anda vinnustofunnar er lýst þannig í nýlegri sýningarskrá: „Í Kecskemét hefur verið unnið að því hartnær í tuttugu ár að skapa Museion í eiginlegri merkingu orðsins; helgan stað þar sem unnt er að nálgast uppsprettu hugljómunar, þar sem gildi eru varðveitt og heiðruð, þar sem fullkomnu verka þeirra sem á undan gengur er þeim nýkomnu hvatning, þar sem safnið er í þjónustu listsköpunarinnar“.

## MYNDLIST

## Nýlistasafnið

BLÖNDUÐ TÆKNI/  
INNSETNINGAR

Jón Sigurpálsson/Guðmundur Thoroddsen/Ásta Ólafsdóttir.  
Opíð alla daga kl. 14-18 til 28. janúar.  
Aðgangur ókeypis

HÚSNÆÐI Nýlistasafnsins er nú sem oftast nýtt undir þrjár sjálfstæðar sýningar (auk gests í setustofu) listafólks sem einkum vinnur með innsetningar og blandaða tækni, og falla þær að þessu sinni vel saman og mynda góða heild fyrir áhorfendur.


## Jón Sigurpálsson

Í forsal sýnir Jón Sigurpálsson nokkurn fjölda verka, sem í eðli sínu skapa nokkrar samstæðar heildir. Kjarna þess sem hér getur að lita setti Jón fyrst upp á sýningu í Listasafninu á Akureyri síðla árs 1994, og fjallaði undirritaður um þá uppsetningu á sínum tíma og leist vel á.

Kjarninn í þeirri sýningu fólst í samspili búta úr skrautlegum gylltum rómum, sem þó afmörkuðu ekki neitt; þessi vandlega skipulögðu brot listheimsins voru því í raun lítilsigld við hlið litríkra en viðkvæmra eggja-skurna annars vegar og ryðgaðra, þungra en sterkra járnfesta hins vegar.

Þessi atriði komast hér glögglega til skila, en jafnframt bætur Jón nokkrum við, bæði út frá sama efnivið og með óskyldu verki. Í eitt horn salarins hefur hann fest sagaða ramma-búta, sem hafa verið litadír í sárið, þannig að þeir fá á sig lífrænan blæ; síðan tekur við ród smáverka, þar sem rammahlutar líkjast efsta hluta af skrautlegum súlum, sem nefnast fjölbreytilegum nöfnum í tengslum við litarfar súlnnar, og vísa til ýmissa fyrirbrigða náttúrunnar. Hin finlega litun súlnanna er hér í hrópandi andstöðu við gyllingu rammaefnisins, þar sem samræða listar og lífs er áfram meginviðfangsefnið.

# Tær myndhugsun



Morgunblaðið/Kristinn


## JÓN Sigurpálsson: Rómverskar súlur.

Báðum fylgir síðan fallvattleikinn með nærtækum hætti; verkið „...Sjáðu mig í dag...“ er góð áminning um þetta, því glæstar vonir eru ætíð sem glerhús, sem geta fallið við minnsta áreiti.

## Guðmundur Thoroddsen

Ferðalög og fjarlægjar slóðir eru flestum sælir draumar, sem aðeins rætast stöku sinnum og þá tímabundið; ferðahugurinn er þá ætíð til staðar, reiðubúinn til að takast á við nýja drauma. Guðmundur Thoroddsen hefur látið slíka drauma rætast eftir því sem mögulegt er, en hann hefur verið í ferðalögum árum saman, og segja má að verk hans hér tengist slíkum draumum öðru fremur.

Í þessum sjö samsetningum bera titlarnir með sér löngun ferðarinnar, og form þeirra vísa með ákveðnum hætti til lögunar báta sem og hornafræði siglingarfræðanna, sem síðan er staðfest af bútum úr sjókortum í verkunum. Mest áberandi efniviður verkanna, tré og gler, styrkja þessa ímynd enn frekar; renniskeið bátsins kemur upp í hugann, og einstakar aðstæður fararinnar verða ljóslifandi fyrir



## ÁSTA Ólafsdóttir: „Boð“.

hugskotssjónum. Flest verkin ganga ágætlega upp í þessu samhengi, en vert er að benda sérstaklega á „Hugsad að Horni“ og „Staðvindatár“ (nr. 3 og 6), sem fyrir listamanninum vekja væntanlega upp minningar fyrri ferðalaga, en gætu verið efniviður drauma flestra annarra.

## Ásta Ólafsdóttir

Verk Ástu Ólafsdóttur má öðru fremur skilja sem vegvísa hennar í endalausri leit mannsins að skilningi á lífinu – „eins konar vegabréf um tilveruna“, eins og hún orðar það sjálf í sýningararkrá.

Þessir þankar mynda grunninn að málverku hennar, teikningum og innsetningum, sem hér skapa órofa heild, þegar nánar er að gáð. Á palli hefur listakonan sett upp þrjú málverk af einu af verkfræðiundrum náttúrunnar, laufblaðinu, og hring tíðinda af þeim. Tilvísunin í stutta sumartilveruna er hrein og bein, og tengist einnig öðru atriði sem hún nefnir í skránni: „Kyrrestaðan, þegar ekkert virðist gerast, er ekki síður tíðindi.“

Í efsta sal safnsins hefur listakonan sett

upp fjórar innsetningar, þar sem segja má að samskipti manna séu í fyrir-rúmi. Slík samskipti eru oft sterkust þegar þau eru án orða, og verk eins og „Vinarþel“ og „Boð“ bera ekki með sér glamur og hávaða, heldur innileik og jafnvel kímni, sem ætti að létta brúnina á þeim sem hér koma til að njóta kyrrlátar og um leið ágengrar listar, sem er óaðskiljanlegur hluti af lífinu sjálfu.

Í tilefni sýningar sinnar á sama stað fyrir tæpum fjórum árum sagði Ásta m.a. í sýningararkrá: „Mig langaði til þess að búa til einföld og tær verk. Til þess nota ég fersk efni sem ég dulþý ekki. Viðurinn er ómálaður, leirinn er án glerungu, lopinn er óspunninn. Um verkin leikur loft sem er kjarni þeirra.“ Þessi viðhorf listakonunnar eru enn í fullu gildi. Helst má tala um að nú sé tærleikinn meiri, rýmiskennin virkari og heildin sterkari; hér eru á ferðinni verk listakonu í öruggri þróun á sínu sviði.

## Nina Ivanova

Í setustofu safnsins er að þessu sinni uppi eins konar heimildasýning ungrar rússneskrar listakonu um gjörning, sem hún framkvæmdi í Reykjavík og nágrenni fyrir rúmum mánuði.

Þá lagði Nina út frá umum þeirra hluta sem hafa komið henni á óvart hér á landi, þ.e. gesta-bókinni. Hún kom hundrað gestabókum og pennum fyrir á ákveðnum (kortlögðum) stöðum, og vitjaði þeirra aftur eftir tíu daga. Endurheimtur voru rýrar, og er athyglisvert að skoða þær bækur sem enn voru til staðar, sem og ljósmyndir sem tengjast framkvæmdinni.

Glögt er gests augað, segir máltækið, og er bæði gaman og núturlegt að ihuga árangurinn hér – annars vegar fjór þeirra sem skrifuðu í þær bækur sem skiluðu sér og hins vegar eyðileggingarhvöt þeirra sem gátu ekki séð hinar (76%) í friði.

Það er gaman að koma í Nýlistasafnið þessa dagana, og rétt að hvetja sem flesta til að skoða þær sýningar sem þar eru nú uppi.

Eiríkur Þorláksson